

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

Við 44. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Viðskiptabönkum og sparisjóðum er heimilt samkvæmt sérstökum samningi að taka að sér að veita pósthjónustu fyrir hönd aðila sem leyfi hefur til að veita slíka þjónustu. Til framangreindrar starfsemi þarf samþykki Fjármálaeftirlitsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í V. kafla laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, er fjallað um starfsemi þessara fyrirtækja. Samkvæmt 1. mgr. 44. gr. laganna er starfsemi þeirra fölgin í geymslu og ávöxtun fjár, miðlun á peningum, verðbréfavíðskiptum og annarri þjónustustarfsemi sem er í tengslum við slík víðskipti. Í greininni er síðan talin upp í 14 töluliðum sú starfsemi sem fyrirtækjunum er heimil. Í 4. mgr. sömu greinar kemur fram að fyrirtækjunum sé heimilt að stunda aðra starfsemi en um ræðir í 1. mgr., enda sé slík hliðarstarfsemi í eðlilegu framhaldi af víðskiptabanka- og sparisjóðastarfsemi. Í 2. gr. laganna kemur enn fremur fram að fyrirtækjunum sé einungis heimilt nema annað leiði af lögum að stunda víðskiptabanka- og sparisjóðastarfsemi eins og hún er skilgreind í V. kafla laganna.

Með vísan til þessara ákvæða hefur verið mikil óvissa um hvort víðskiptabankar eða sparisjóðir geti tekið að sér að veita pósthjónustu. Samstarf Íslandspósts hf. annars vegar og víðskiptabanka eða sparsjóða hins vegar getur því að óbreyttum lögum aðeins farið fram að takmörkuðu leyti.

Það að samvinna sé möguleg milli aðila sem heimild hefur til að veita pósthjónustu og víðskiptabanka og sparisjóða er mikilvægt fyrir samfélagið. Hér er um þýðingarmikið mál að ræða, enda getur samvinna um grunnþjónustu af þessu tagi skipt sköpum um hvort hún sé fyrir hendi eða ekki í hinum dreifðu byggðum landsins.

Heildarendurskoðun fer nú fram á lögum nr. 113/1996, um víðskiptabanka og sparisjóði. Hún er í höndum sérstakrar nefndar sem víðskiptaráðherra skipaði 23. ágúst 1999, svokallaðri bankalaganefnd. Vinnu hennar verður líklega ekki lokið fyrir en síðar á þessu ári. Þar sem hér er um brýnt mál að ræða er frumvarp þetta lagt fram nú þegar.

Með vísan til þessa er lagt til í frumvarpinu að víðskiptabönkum og sparisjóðum verði heimilað að taka að sér að veita pósthjónustu fyrir hönd aðila sem leyfi hefur til að veita hana samkvæmt lögum. Um pósthjónustu er nú fjallað í lögum nr. 142/1996. Gert er ráð fyrir að um hana fari samkvæmt sérstökum samningi á milli aðila. Í samningnum skal m.a. kveðið á um réttindi, skyldur og ábyrgð aðila vegna pósthjónustunnar, en rétt þykir að slík þjónusta

sé rekin á ábyrgð leyfishafa. Það skal sérstaklega tekið fram að ekki er um að ræða að viðskiptabankar og sparisjóðir öðlist með þessu sjálfstætt leyfi til pósthjónustu, heldur er hér um að ræða rétt til að veita slíka þjónustu fyrir hönd annars aðila sem hefur slíkt leyfi. Eðlilegt þykir að aflu þurfi samþykkis Fjármálaeftirlitsins til þessarar starfsemi og er það í samræmi við ákvæði 4. mgr. 44. gr. laganna.

Fylgiskjal.

*Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:*

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði.

Tilgangur frumvarpsins er að heimila viðskiptabönkum og sparisjóðum að veita pósthjónustu fyrir hönd aðila sem leyfi hafa til að veita slíka þjónustu.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.